

AKUREYRARBÆR	
Mótt.: 06.03.2017	
Málsnr.: 2018080022	
Lykill: 09-220	

Akureyrbær  
Anna Bragadóttir  
Geislagötu 9  
600 Akureyri



Reykjavík, 1. mars 2017  
Tilvísun: 201509071 / 3.2

### Efni: Oddeyri, rammahluti

Akureyrbær hefur, með erindi dags. 18. janúar 2017, sent Skipulagsstofnun til athugunar tillögu að breytingu á aðalskipulagi sveitarfélagsins samkvæmt 3. mgr. 30. gr. skipulagslaga. Tillagan var samþykkt til auglýsingar í bæjarstjórn þann 17. janúar 2017.

Skipulagstillagan er sett fram í greinargerð dags. 17. janúar 2017.

Um er að ræða rammahluta aðalskipulags fyrir skipulagssvæðið á Oddeyri, sem afmarkast af Glerárgötu, Strandgötu og Glerá að ósum. Í rammahlutnum er lögð fram stefna um uppbyggingu og endurgerð gatna og úrbætur á umhverfi, þ.e. samgöngu- og landnotkunarstefna. Jafnframt eru sett fram sérvæði fyrir sjö deiliskipulagsreiti.

Umsagnir eftirfarandi aðila liggja fyrir vegna tillögunnar: Vegagerðin dags. 22. nóv. 2016, ISAVIA dags. 28. nóv. 2016, Umhverfisstofnun dags. 7. des. 2016 og hverfisnefnd Oddeyrar dags. 22. nóv. 2016.

Skipulagsstofnun hefur farið yfir framlögð gögn og gerir eftirfarandi athugasemdir við tillöguna:

#### Breytingar á ákvæðum gildandi aðalskipulags

Í breytingartillögunni þarf að vera skýrara hvort og þá í hvaða tilvikum er verið að breyta ákvæðum gildandi aðalskipulags, almennum eða sértækum, eða hins vegar hvenær eða hvar er einungis um að ræða nánari útfærslu gildandi ákvæða aðalskipulagsins, sem birt eru á bls. 16-18 í breytingargögnum. Koma þarf fram hvort og þá hvaða breytingar eru gerðar á ákvæðum um einstaka númeraða landnotkunarreiti í gildandi aðalskipulagi, þar sem segir viða að viðkomandi reitur sé fullbyggður og skipulagsákvæðið „óbreytt“, sbr. töflur í staðfestum köflum og framsetningu á aðalskipulagsupprætti. Miðað við framsetningu breytingargagna er meðal annars verið að fella niður iðnaðarsvæði og verslunar- og þjónustusvæði, breyta afmörkun athafnasvæða, opinna svæða og íbúðarsvæða og búa til blönduð landnotkunararsvæði auk þess sem verið er að auka byggingarmagn.

Verið er að breyta flokkun gatna þannig að Hjalteyrargata verður tengibraut í stað Laufásgötu í gildandi aðalskipulag, sbr. umfjöllun í hliðardálki á bls. 15. Lagfæra þarf til samræmis umfjöllun á bls. 37 þar sem segir m.a. að Hjalteyrargata verði áfram tengibraut. Skýrt þarf að vera hvort breyting verður á flokkun Strandgötu á svæðinu á milli Hjalteyrargötu og Laufásgötu, samanber skýringarmyndir á bls. 40 og 42.

#### Tengsl við aðrar áætlanir

Í kafla 2.2.1 í tillögunni eru tekin orðrétt upp markmið úr 3. kafla landsskipulagsstefnu um búsetumynstur og dreifingu byggðar, sem eiga ágætlega við viðfangsefni þessa rammahluta.

Minnt er á að gera þarf grein fyrir hvernig tillagan samræmist þessum ákvæðum landsskipulagsstefnunar.

Í tillögunni eru nefndar nokkrar áætlanir/stefnur sem sveitarfélagið hefur samþykkt eða vinnur að s.s. aðgerðaráætlun gegn hávaða, byggingarlistarstefna, samþykkt um verndun trjáa, staðardagskrá 21, ljósvistarskipulag (í vinnslu) og umhverfis- og samgöngustefna. Að mati Skipulagsstofnunar er eðilegt að gera grein fyrir hvernig tillagan samræmist þessum áætlunum, þ.e. hvernig þær eru útfærðar í tillögunni.

Í gildi eru skipulagsreglur fyrir Akureyrarflugvöll, sem hafa í för með sér hæðartakmarkanir á hluta skipulagssvæðisins. Í rammahlutanum þarf að gera grein fyrir þeim takmörkunum sem gilda á einstökum deiliskipulagsreitum á svæðinu vegna flugumferðar.

#### Umhverfismat breytingartillögu aðalskipulagsins

Að mati Skipulagsstofnunar gefur umhverfismati ekki skýra mynda af umhverfisáhrifum tillögunnar. Frekar virðist vera um samanburð á kostum og göllum tveggja valkosta að ræða. Sem dæmi má nefna að áhrif af óbreyttu íbúðarverfi á samgöngur eru skýrð sem „Hefðbundið gatnanet“. Lýsa þarf betur umhverfisáhrifum einstakra stefnukostá á umhverfisþætti sem tengjast viðfangsefninu. Tilefni getur verið til að skilgreina betur umhverfisþættina, sem dæmi má nefna að þá eru mengun lýsing á eðli umhverfisáhrifa (t.d. vegna rykmengunar) en loftgæði er umhverfispáttur sem sílik mengun væri metin á. Skilgreina þarf hvað liggar að baki hverri vægiseinkun. Jafnframt þarf að gera grein fyrir hvaða umhverfisviðmið voru lögð til grundvallar mati á áhrifum og hvernig þau tengjast viðfangsefni og umhverfispáttum sem eru undir í matinu. Á vef Skipulagsstofnunar er hægt að nálgast leiðbeiningar um val á umhverfispáttum, svo sem í Leiðbeiningarhefti um umhverfismat áætlana og Leiðbeiningar um flokkun umhverfispáttta, viðmið, einkenni og vægi umhverfisáhrifa til að styðjast við.

#### Önnur atriði

Mynd 4 á bls. 15 í tillögunni sýnir gildandi aðalskipulag á svæðinu með síðari breytingum. Utan um allt hafnarsvæðið hefur verið settur kantur (í lit hafnarsvæða), en ekki kemur fram hvað það þýðir. Ef gert er ráð fyrir að stækka hafnarsvæðið og breyta landfyllingum þarf að gera grein fyrir því og umhverfisáhrifum þessa. Að öðrum kosti þarf að taka þessa afmörkun út af myndinni.

Á blaðsíðu 69 segir að fella skuli rammahlutann úr gildi þegar deiliskipulagi hefur verið komið á fyrir alla reiti sem skipulagið nær til. Að mati Skipulagsstofnunar er ekki hægt að fella rammahlutann úr gildi þar sem í honum eru ákvæði sem deiliskipulagsáætlanirnar byggja á.

Í tillögunni er umfjöllun um hugsanlega útfærslu skipulags á svæði Akureyrarvallar, sem er utan skipulagssvæðis tillögunnar. Að mati Skipulagsstofnunar á ekki við að fjalla um það svæði í þessari breytingu enda er svipuð umfjöllun þegar í gildandi aðalskipulagsgreinargerð.

Með hliðsjón af þeiri iðnaðarstarfsemi sem fram fór á einhverjum hlutum svæðisins um áratugaskeið þarf á þessu stigi að huga sérstaklega að hvort þörf sé á sérstökum aðgerðum vegna mögulegrar mengunar á skipulagssvæðinu.

Skipulagsstofnun gerir ekki athugasemd við að skipulagstillagan verði auglýst skv. 31. gr. skipulagslaga, þegar tekið hefur verið tillit til framangreindra athugasemda. Að öðrum kosti ber sveitarstjórn að birta athugasemdir Skipulagsstofnunar með tillögunni á auglýsingatíma. Í auglýsingu skipulagstillögunnar skal þá koma fram að tillagan liggi frammi ásamt athugasemnum Skipulagsstofnunar við hana.

